



Reykjavík, 27. febrúar 2024

MSS23050179

Forsætisnefnd

## **Aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum**

Lagt fram drög að uppfærðri aðgerðaráætlun 2024-2026 um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum ásamt úttekt stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Óskað er eftir því að forsætisnefnd sendi drögin til umsagnar á fagráð borgarinnar.

Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2017 byggt upp þekkingu á þátttöku í stórum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum, styrktum til fulls með aðkomu rammaáætlana Evrópsku Framkvæmdastjórnarinnar. Í gegnum þessar áætlanir hafa nokkur verkefni komið til framkvæmda innan Reykjavíkurborgar. Stærstu verkefni eru PaCE, SPARCS, IMPULSE, GreenIn Cities og AMIGOS.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) við Háskóla Íslands gerði úttekt á reynslu borgarinnar af þátttöku í þessum verkefnum í byrjun árs 2024. Niðurstaða þeirrar úttektar var að verkefnið væri í mótun, ágætis árangur hefði náðst en skerpa þyrfti á ýmsum atriðum.

Árið 2023 samþykkti forsætisnefnd borgarinnar Siglingakort (e. roadmap) um helstu áherslur þegar kemur að þátttöku í þessum stóru fjölþjóðlegu verkefnum og eru þessi drög að aðgerðaáætlun uppfærsla á siglingakortinu þar sem tekið er tillit til ábendinga úr skýrslu SSS.

Virðingarfyllt,  
Óli Örn Eiríksson  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara*

Hjálagt: Drög að Aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum

Skýrsla stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands um þátttöku Reykjavíkurborgar í fjölþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum



# Reykjavík

DRÖG

## Aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum

---

Kynning á fundi forsætisnefndar

Athafnaborgin  
febrúar 2024



# Inngangur

Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2017 byggt upp þekkingu á þátttöku í stórum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum, styrktum til fulls með aðkomu rammaáætlana Evrópsku Framkvæmdastjórnarinnar (EF): Horizon 2020 (H2020) og Horizon Europe (HE). Í gegnum þessar áætlanir hafa nokkur verkefni komið til framkvæmda innan Reykjavíkurborgar. Stærstu verkefni eru PaCE, SPARCS, IMPULSE, GreenIn Cities og AMIGOS. Árið 2023 samþykkti forsætisnefnd borgarinnar Siglingakort (e. roadmap) um helstu áherslur þegar kemur að þátttöku í þessum stóru fjölþjóðlegu verkefnum og er þessi aðgerðaáætlun uppfærsla á siglingakortinu.

Verkefni sem Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í eru öll hluti af viðtækum rannsóknum, prófunum á tækni og samráði um lausnir og áherslur í borgarþróun til framtíðar og eru skilgreind sem slík innan rammaáætlana EF (RIA, IA, CSA). Nánari lýsing á þeim er í viðauka C.

Aðgerðaráætlun þessi fellur undir eina af fjórum megináherslum alþjóðastefnunnar (þekkingarmiðlun) en er einnig tiltekin í Græna planinu > Vaxandi borg > 3. Ný atvinnutækifæri framtíðar og Atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar (áherslu 3.2)

Þessi verkefni hófust innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs en færðust yfir á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í byrjun árs 2021. Frá upphafi hefur borgin haldið úti einu stöðugildi sem hefur umsjón með verkefnum og sókn í verkefni. Verkefnastjórar hafa svo verið ráðnir til þess að stýra hluta borgarinnar í viðkomandi verkefnum.

Áhersla hefur verið lögð á fullstyrkt verkefni þannig að laun viðkomandi verkefnisstjóra hafa verið greidd með verkefnisfjármagni. Frá árinu 2017 hefur borgin fengið greitt vegna þessara verkefna tæplega 260 milljónir.

**RIA** = *Research and Innovation Action*; **IA** = *Innovation Action*;  
**CSA** = *Coordination and Support Action*



# Stöðumat

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) við Háskóla Íslands gerði úttekt á reynslu borgarinnar af þátttöku í þessum verkefnum í byrjun árs 2024. Niðurstaða þeirrar úttektar var að verkefnið væri í mótun, ágætis árangur hefði náðst en skerpa þyrfti á ýmsum atriðum. Um ágætis tímamark er að ræða fyrir uppfærslu þar sem tvö af stóru verkefnum (IMPULSE og SPARCS) klárast í ár.

Lykilniðurstaða úttektar SSS var sú að um verðmætan verkefnastraum er að ræða sem gefur borginni tækifæri til þess að vinna með leiðandi borgum og rannsóknarstofnunum að lausnum við sínum lykiláskorunum. Það er mikilvægt að nýta sér núverandi verkefni og þá tengiliði sem þeim fylgja til þess að komast í næsta verkefni. Reynslan hefur sýnt að borgin er vinsæll samstarfsaðili og fær hún fjölda skeyta þar sem óskað er eftir hennar aðkomu að verkefnum.

Helstu áskoranir í verkefninu á þessum tímamarkum eru:

- Byggja upp þekkingu innan borgarinnar til að sinna alþjóðaverkefnum með vönduðum hætti, stilla upp stofnanastrúktúr með getu til að fylgja eftir lögum og reglum ESB í einu og öllu.
- Endurskoða þarf verklag við fjármálalega umsýslu verkefna svo hún sé í samræmi við kröfur Evrópusambandsins.
- Bæta þarf stjórnsýslulega umsýslu umsókna til að tryggja að þær séu í takti við þarfir borgarinnar.
- Auka þarf vitund og áhuga innan sviða borgarinnar á þeim tækifærum sem þátttaka í rannsóknaráætlunum hefur í för með sér.
- Bæta þarf samstarf við hönnun og kostun verkefna sem ganga þvert á svið borgarinnar
- Mannauðsmisur: Verkefnastjórar sem eru ráðnir í einstök verkefni fara að þeim loknum og fer þá bæði þekkingar og sambönd úr borginni með þeim.



# Framtíðarsýn

Eitt af lykilmarkmiðum Alþjóðastefnu Reykjavíkurborgar „þekkingarmiðlun“ lýsir áherslu borgarinnar varðandi alþjóðlegt samstarf svo:

*„Reykjavíkurborg eigi í alþjóðlegu samstarfi sem nýtist til þekkingarmiðlunar til að auka gæði og hagkvæmni stjórnsýslu og þjónustu á báða bóga. Reykjavík miðli sinni þekkingu á sviði sjálfbærni, jafnrétti, lýðheilsu og grænna lausna. Reykjavíkurborg leggi markvissa áherslu á þekkingarsókn í alþjóðlegu samstarfi í því skyni að nýta tækifæri til þekkingaröflunar og að hámarka ávinning borgarinnar. Þekkingarmiðlun stuðli að gagnkvæmum ávinningi, skilningi og aðlögunarhæfni borgarinnar og umheimsins.“*

Til þess að vinna í átt að þessari framtíðarsýn leggur aðgerðaráætlunin áherslu á að Reykjavík byggji upp og miðli þekkingu til stuðnings stefnumarkandi ákvörðunum Græna Plansins og gildandi aðgerðaráætlunum hennar.

Megináhersla verði lögð á fullkostuð verkefni og skilgreint verði markvisst (og endurskoði reglulega) hlutverk borgarinnar sem þátttakandi í rannsóknum, nýsköpun og þróun. Þá þarf að skilgreina nánar það virði sem sóst er eftir að skapa fyrir hin ólíku viðfangsefni stjórnsýslunnar, ekki síst um helstu áskoranir borgarinnar. Mikilvægt er að líta á verkefnin sem hluti af starfsþróun og að hún byggji upp nýsköpunarmenningu innan Reykjavíkurborg

Lagt er til að ávallt verði horft til meginmarkmiða Græna Plansins þegar stofnað er til þátttöku í samstarfi um verkefnaumsókn og að það sé gert í nánú samstarfi við viðeigandi fagsvið. Á hönnunar- og umsóknarstigi þarf einnig að vera hægt að tilgreina (sjá einnig gátlista, Viðauki B):


1. Efnistöð verkefnis í meginráttum
2. Hlutverk Reykjavíkurborgar (umsvif framlags og megin verkþættir)
3. Ávinning (tilefni og markmið til stuðnings ráðandi stefnum og aðgerðaráætlunum)



# Markmið

Reykjavík verður leiðandi í framsæknum nýsköpunar- og þróunarverkefnum með því að:

- Afla þekkingar um möguleg nýsköpunar- og þróunartækifæri og miðla þvert á svið Reykjavíkurborgar og til hagaðila
- Stuðla að þátttöku sviða borgarinnar og tengdra hagaðila í verkefnum
- Efla tengslanet borgarinnar (borgir, fyrirtæki, akademía) og samstarf við vísinda-, þekkingar- og frumkvöðlasamfélagið héraðs og erlendis
- Kynna markvisst þátttöku og framlag Reykjavíkurborgar í nýsköpunar- og þróunarverkefnum héraðs og erlendis
- Styðja við umsóknir í innlenda sjóði eins og tækniþróunarsjóð og nýsköpunarsjóð námsmanna, sjóði sem styðja menntun og þekkingarmiðlun (t.d. Erasmus), eða þróunar- og innviðasjóði (t.d. LIFE, EEA & Norway Grant, Northern Periphery og Arctic (NPA) programme).





# Aðgerðir

Til þess að ná ofangreindum markmiðum verður lögð áhersla á eftirfarandi aðgerðir á næstu tveimur árum.

1. Starfshópur verði skipaður sem vinnur nýjar verklagsreglur varðandi fjármálaumsýslu rannsóknaráætlana. Samráð verði haft við Rannís og fleiri rannsóknarstofnanir til þess að tryggja að unnið sé eftir alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði
2. Starfshópurinn þróa einnig reiknireglu um skiptingu stjórnunar- og aðstöðugjalds (umsýslugjalds) milli eininga. Í viðauka A eru drög að reiknireglu sem er byggt á sambærilegum reglum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri
3. Áhersla verði lögð á að ný verkefni sem komi inn verði hýst á því fagsviði sem hefur með viðkomandi málaflokk að gera. Þó verði ávallt leitast eftir því að skapa aðkomu ólíkra faghópa úr borginni með áherslu á þverfaglega og þverfræðilega samvinnu
4. Reglulega verði haldnar kynningar innan borgarkerfis á tækifærum til styrkumsókna





# Innleiðing

- **Forsætisnefnd** verður pólitískur vettvangur þar sem áhugaverð köll og umsóknir verða kynntar. Framgangur verkefna verður þá einnig kynnt í viðeigandi fagráði.
- **Alþjóðahópur** sem vinnur þvert á borgarkerfið við að innleiða alþjóðastefnu verður vettvangur samtals innan borgarinnar um áhugaverð köll og áskoranir sem borgin ætti að leggja áherslu á.
- **Fjármála- og áhættustýringasvið** styður við fjármálalega umsýslu verkefna og fær greitt fyrir þá þjónustu af stjórnunar- og aðstöðugjaldi (umsýslugjald)
- **Miðlæg eining** sem styður við umsóknir og rekstur rannsóknar- og nýsköpunarverkefni verður áfram staðsett á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Borgin mun áfram fjármagna eitt stöðugildi til að halda utan um sjóðasókn. Þá fær einingin hluta af verkefnafjármagni út frá reiknireglu sem er nýtt við þróun nýrra verkefna

Helstu verkefni **miðlægrar einingar** eru:

- Kynna tækifæri á sviði rannsóknar- og nýsköpunar innan borgarkerfisins
- Vakta komandi og birt köll í samstarfsgátt EF (“Funding & tender”)
- Upplýsa forsætisnefnd um væntanleg köll og gera tillögur um mögulegar umsóknir og kynna reglulega stöðu verkefna í rekstri
- Leiða og samræma umsóknarvinnu innan Reykjavíkurborgar og stilla upp stjórnarsýslu verkefna sem fá styrk
- Styðja við og fylgjast með samstarfsverkefnum sem eru í rekstri
- Hafa yfirsýn yfir fjársýslu verkefna í samstarfi við FAS





# Viðauki A - umsýslukostnaður


Frumdrög að reglum Reykjavíkurborgar um stjórnunar- og aðstöðugjald (umsýslugjald) vegna styrkja úr utanaðkomandi sjóðum. Eftirfarandi unnið með reglur Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og verklagsreglur HÍ sem fyrirmynd.

Stjórnunar- og aðstöðugjaldi er ætlað að mæta kostnaði vegna starfsemi er verður til vegna sértekna Reykjavíkurborgar. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði sem til fellur vegna viðkomandi verkefnis og ekki er viðurkenndur með öðrum hætti af styrkveitanda nema sem óbeinn kostnaður.

Þessi óbeini kostnaður getur fallið á verkefni/rekstrareiningu, svið eða sameiginlega stjórnarsýslu og stoðþjónustu Reykjavíkur. Kostnaðurinn getur verið mismunandi eftir eðli verkefna og skipulagi innan sviða.

Stjórnunar- og aðstöðugjald er að jafnaði 25% á alla styrki frá utanaðkomandi sjóðum, nema reglur sjóðs mæli fyrir um annað. Í umsóknum um styrki er skylt að sækja um stjórnunar- og aðstöðugjald þar sem það á við.

Gjaldinu er ráðstafað með eftirfarandi hætti:





# Viðauki A – umsýslukostnaður (frh)

1. 40% af stjórnunar- og aðstöðugjaldi fer til viðkomandi fagsviðs.
  - a. Kostnaður sviðs getur verið ýmiss kostnaður sem ekki er heimilt að nota viðeigandi rannsóknastyrk til, en sem tengist viðkomandi verkefni, t.d. virðisaukaskattur, gengistap, kaup eða leiga á búnaði o.fl. í tengslum við reksturverkefnis.
2. 60% af stjórnunar- og aðstöðugjaldi fer til miðlægrar einingar rannsóknar- og nýsköpunarverkefna.
  - a. Gjaldinu ætlað að renna til miðlægrar einingar rannsóknþjónustu, m.a. í aðstoð og ráðgjöf við umsóknir um nýja styrki, utanumhald, eftirlit og eftirfylgni vegna umsókna um styrki og rannsóknaverkefna, aðstoð við samningagerð og uppbyggingu á rannsóknþjónustu almennt.
  - b. Gjaldinu er einnig ætla að kosta þjónustu fjármála og áhættustýringarsviðs vegna fjárhagslegrar umsýslu rannsóknar-verkefna, t.d. bókhald og uppgjör, eftirlit með rekstri verkefna og launamál, ásamt uppbyggingu sérþekkingar innan einingarinnar við fjárhagslega umsýslu rannsóknastyrkja.

## Uppgjör og eftirlit

Fjármála- og áhættustýringarsvið og miðlæg eining rannsóknarþjónustu hafa eftirlit með að bókun og uppgjör rannsóknaverkefna séu í samræmi við reglur. Standa ber skil á upplýsingum til miðlægrar einingar rannsóknþjónustu um styrki og verkefni sem bera stjórnunar- og aðstöðugjald.

## Eftirfylgni og endurskoðun

Fjármála- og áhættustýringarsvið og miðlæg eining rannsóknarþjónustu skulu fylgjast náið með uppgjöri rannsóknaverkefna, innheimtu og ráðstöfun gjaldsins auk þess að greina kostnað við aðstöðu og stjórnun rannsóknaverkefna og hvar hann fellur til.



# Viðauki B – gátlisti við val á verkefnum

Talsverð eftirspurn er á þátttöku Reykjavíkurborgar í fjölbjóðlegum verkefnum, en ljóst er að vinna við slíkar umsóknir er umtalsverð og þarf að vera að vel ígrunduðu máli. Þá getur verkefnavinna þvert á fagsvið borgarinnar valdið togstreitu ef verkefnið er ekki hannað í samræmi við helstu áherslur sviðanna og gert ráð fyrir í starfsáætlunum þeirra.

## Gátlisti:

- Efnistöð mögulegs samstarfsverkefnis er í góðu samræmi við kjarnaáherslur Græna Plansins
- Þær umsóknir og verkefnahönnun sem Reykjavíkurborg tekur þátt í að móta og skrifa eru valin því þau gagnast efnislega í þá vinnu sem þegar er í forgangi á viðkomandi sviðum.
- Mikilvægt er að þessi forvinna sem undirbúningur og umsóknaskrif er og lærdómurinn af henni nýtist áfram þó svo styrkur fái ekki, en hlutfall árangurs af innsendum umsóknum getur legið á bilinu 6-16%
- Efnistöð umsóknar séu unnin eftir megináherslum fagsviðanna og í góðu samstarfi við fagsviðin.
- Að viðkomandi fagsvið taki virkan þátt í hönnun umsóknar og að gert sé ráð fyrir verkefnastjórn á viðkomandi fagsviði til að tryggja að þekkingin sem skapast sitji eftir á fagsviðinu.
- Hægt er að útfæra hlutverk borgarinnar í verkefninu með þeim hætti að ávinningur sé fyrir ákvörðunaraðila innan borgarinnar
- Leggja á áherslu á að afurðir samstarfsverkefna, svo sem bætt þekking og tillögur að umbótum, beiting nýstárlegrar tækni og tóla, miðlun og tengslanet, geti nýst áfram innan stjórnsýslunnar og meðal kjörinna fulltrúa.



# Viðauki C

## Yfirlit yfir verkefni borgarinnar



# Dæmi um samstarfsaðila borgarinnar

Hér er smá upptalning á hluta af því samstarfsneti sem borgin tengist í gegnum verkefni



DRÖG





# SPARCS

## Sustainable Energy Positive & Zero Carbon Communities




**SPARCS** (Sustainable energy Positive & zero cARbon Communities) verkefnið er kostað til fimm ára (október 2019 – september 2024) af Horizon 2020 áætlun ESB.

Verkefnið samanstendur af 39 lögaðilum, þar af 7 borgum, í 10 löndum í Evrópu. Verkefnið stuðlar að samvinnu borga í Evrópu í leit að nýjum og betri lausnum í loftslags- og orkumálum með það fyrir augum að umbreyta borgum í sjálfbær, kolefnishlutlaus vistkerfi sem bæta lífskjör íbúanna. Verkefnið í heild sinni setur fram tölusett markmið um árangur á sviði rafbílavæðingar, minnkun í losun gróðurhúsalofttegunda, aðgengi íbúa að grunnþjónustu í göngufæri, orkuskipti í samgöngum, hringrásarhugsun í framkvæmdum, í meðhöndlun úrgangs o.fl.

Aðkoma Reykjavíkurborgar hefur m.a. falist í að þróa svokallað „Implementation plan“ og í framhaldi „Project development“ áætlun með stuðningi SPARCS samstarfsins og með aðkomu sérfræðinga frá Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, Strætó, Verkefnastofu Borgarlínu, Vegagerðinni o.fl.

Borgin hefur útfært tvö fókusverkefni sem megin framlag til SPARCS sem varða annars vegar útfærslu Hlemmsins sem samgöngumiðstöðvar af nýrri kynslóð og hins vegar nauðsynlega ferla og viðmið sem tryggja eiga að framkvæmdaaðilar byggi samkvæmt grænum stöðlum í landi borgarinnar





# Impulse Identity Management in PUBlic SERVICES




**IMPULSE** (Identity Management in PUBlic SERVICES) verkefnið er kostað til þriggja ára (febrúar 2021 – febrúar 2024) af Horizon 2020 áætlun ESB og samstarfið samanstendur af 17 lögaðilum, þar af 5 opinberum stjórnssýluaðilum, í 8 löndum í Evrópu.

Verkefnið snýst um framtíð rafrænna auðkenninga og meðhöndlun gagna í viðskiptum fólks við opinberar þjónustur og stofnanir. Verkefnið er hannað með tilliti til þróunar í Evrópu síðustu ár varðandi bætt öryggi opinberra skilríkja og sam-evrópskra staðla fyrir rafræn auðkenni sem Íslendingar þekkja sem rafræn skilríki í síma og svo það nýjasta, Auðkennisappið. Meðal annars leggur verkefnið upp með að andlitsgreining sé mikilvægur kostur að bjóða uppá, að persónuupplýsingar og gögn eigi að vera eign einstaklinganna sjálfra, ekki stofnana, og að í framtíðinni geti íbúar Evrópu notað eitt rafrænt auðkenni þvert á landamæri innri markaðarins.

Aðkoma Reykjavíkurborgar hefur m.a. falist í að útfæra prófanir á IMPULSE lausninni, halda samráðsfundi við fulltrúa nokkurra hópa fatlaðra o.fl.

Sjá nánar um IMPULSE verkefnið hér: <https://www.impulse-h2020.eu/> og hér: <https://cordis.europa.eu/project/id/101004459>



Rafræn skilríki sótt með IMPULSE appinu

The City of Reykjavik has received € 236,250 in funding from the European Commission's Horizon 2020 research and innovation programme under grant agreement No. 101004459



# PaCE Populism and civic engagement

**PaCE** (Populism and Civic Engagement) verkefnið var kostað til rúmlega þriggja ára (febrúar 2019 – apríl 2022) af Horizon 2020 rannsóknaráætlun ESB. Verkefnið samanstóð af 10 lögaðilum, mest háskólum eða rannsóknarstofnunum, í 8 löndum.

Verkefnið miðaði að því að takast á við neikvæðar tilhneigingar popúlístahreyfinga og meta áskoranir lýðræðissamfélaga í tengslum við félags- og umhverfisáföll og ólgu meðal ýmissa hópa. Eitt af meginviðfangsefnum verkefnisins var að hanna og framkvæma inngrip sem ætlað var að treysta lýðræðislegar forsendur í starfsemi allra opinberra stofnana og samneyti þeirra við íbúa og hagaðila í samfélaginu.

Eiginleg forysta í samstarfinu var á höndum sérfræðings hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega varðandi skipulag, rekstur og úrvinnslu lýðræðisvinnustofa á Íslandi, í Búlgaríu, Póllandi, Skotlandi, á Spáni og í Ungverjalandi. Annar íslenskur lögaðili í samstarfinu (citizen.is) tók að sér að þróa reiknirit sem safnaði saman hugmyndum og umræðum popúlískra hópa á internetinu og myndgerði niðurstöðurnar.

Sjá nánar um PaCE verkefnið hér: <https://cordis.europa.eu/project/id/822337> og hér: <https://cordis.europa.eu/project/id/822337/results>







# AMIGOS Active Mobility Innovations for Green and safe city sOLutionS



**AMIGOS** (Active Mobility Innovations for Green and safe city sOLutions) verkefnið er kostað til fjögurra ára (júní 2023 – maí 2027) af Horizon Europe áætlun ESB, nánar tiltekið CINEA (European Climate, Infrastructure and Environment Executive Agency).

Verkefnið samanstendur af 28 lögaðilum, þar af 10 borgum, í 16 löndum Evrópu og víðar. Það er hannað til að ná utanum helstu áskoranir í samgöngum innan borga til að útfæra nálganir á öruggum, ódýrum og sjálfbærum lausnum sem skilja engan útundan (t.d. aldraða, fatlaða og ungmenni). Verkefninu er ætlað að draga saman tæknilausnir (data platforms, digital twins), samráð við viðkvæma hópa og stefnumótun í samgöngumálum þar sem hægt verði að skoða og meta sviðsmyndir sem hvetja til virkra ferðamáta, minnka bílaumferð og stilla saman skörun ólíkra ferðamáta á sanngjarnan og öruggan máta.

Aðkoma Reykjavíkurborgar felst m.a. í að halda utan um umferðaröryggissvæði á Hlemmi og þar í kring í kjölfar umbreytinga á svæðinu, í megindegum og eigindlegum könnunum og greiningu (viðtölum við hagaðila, samráðsviðburðum o.fl.), prófunum á lausnum og mælingum á árangursþáttum sem tengjast þeim.



Þróunin á Hlemmi verður í fókus sem "safety improvement area" (SIA)



# GreenIn Cities

GreenIn Cities miðar að því að þróa aðferðafræði og verkfæri til að bregðast við loftslagsbreytingum út frá sjónarhóli borgarþróunar, sérstaklega fyrir svæði sem eiga undir högg að sækja.

Verkefnið hófst í janúar 2024 og er til 4ra ára. Aðkoma Reykjavíkurborgar snýr að þróun æti- og skrautgarða í Breiðholti í nánu samstarfi með íbúum hverfisins.

Þrjár megináskoranir í verkefninu:

- að bæta samfélagslegt viðbragð, vitund og þátttöku útsettra samfélagshópa
- að hugsa út fyrir hefðbundin ræktunarverkefni
- nýta nýjustu tæknilausnir til að auka samsköpun og hámarka áhrif verkefna til eflingar og styrkingar á borgarsvæðinu

30 alþjóðlegir þátttakendur í verkefninu

Leitt af Suðurmiðstöð fyrir hönd Reykjavíkur en heildarstyrkupp hæðin er 11,9 milljón EUR. Reykjavíkurborg fær 308.000 EUR og FB 512.000 EUR í gegnum FabLab Reykjavík.





# ICEWATER - Umsókn


Þegar þetta er ritað er Reykjavíkurborg þátttakandi í verkefnahönnun og styrkumsókn til CINEA stofnunar ESB, Programme for Environment and Climate Action (LIFE).

Umhverfisstofnun leiðir ferlið með aðkomu ýmissa aðila. Verkefninu er ætlað að leiða í ljós umhverfisvænar langtímalausnir í vatnsbúskap sjávar, ferskvatns, frárennslis- og ofanvatnslausna til samræmis við vatnaáætlun ESB.

Að auki eru meginmarkmið að miðla þekkingu og reynslu af aðgerðum til úrbóta og virkja um leið möguleika til að hámarka ábata samfélagsins af bættum vatnsbúskap, sérstaklega í borgar- og bæjarsamfélögum, t.d. til samræmis við aðgerðaáætlanir Græna plansins.

LIFE sjóðurinn kostar 60% af kostnaði við hvert verkefni en 40% mótframlag kemur alla jafna frá hagaðilum. Reykjavíkurborg leggur nú þegar út ákveðinn kostnað er að setja á fjárhagsáætlun sem hluta mótframlags í styrkumsóknina.

Sjá nánar um LIFE sjóðinn hér: [https://commission.europa.eu/funding-tenders/find-funding/eu-funding-programmes/programme-environment-and-climate-action-life\\_en](https://commission.europa.eu/funding-tenders/find-funding/eu-funding-programmes/programme-environment-and-climate-action-life_en)



Mynd 1: Vatnasvið Tjarnarinnar.



# Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir

112 climate-neutral and smart cities 2030

- Einn af **5 leiðongrum** undir Horizon Europe áætlun frkv.stj. ESB
- Leiðangurinn gengur út á að nauðsynlegt sé að **mæta loftslagsvánni** með **aðgerðum á vettvangi borga**
- Með þátttökunni er gert ráð fyrir **viðtæku samstarfi** við Evrópusambandið, íslenska ríkið, önnur sveitarfélög, einkaaðila, félagasamtök og ítarlegt samráð við íbúa
- Lagt er upp með að samstarf innan borga sé formgert með sérstökum **Loftslagsborgarsamningi**, sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig
- Leiðangurinn hvílir á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins (European Green Deal) þar sem rík áhersla er lögð á **lýðræðislegt samráð** og **nýjar aðferðir** við að stýra verkefnum innan borga
- Reykjavík pöruð saman við Lahti í Twin-City þekkingarmiðlunarverkefni
- Markmið leiðangursins:
  - Að 112 borgir Evrópu verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030 og er Reykjavíkurborg ein af þeim.
  - Að tryggja að þessar borgir verði miðstöðvar nýsköpunar og innleiðingarverkefna sem geri öðrum borgum Evrópu kleift að fylgja í kjölfarið og ná kolefnishlutleysi of snjallvæðingu árið 2050





# Reykjavík

DRÖG

## Aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum

---

Kynning á fundi forsætisnefndar

Athafnaborgin  
febrúar 2024